

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Nýtt deiliskipulag við Hamranes og Vatnshlíðarhnúk.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 26. janúar 2011 nýtt deiliskipulag opins svæðis til sérstakra nota við Hamranes og Vatnshlíðarhnúk.

Tillagan felur í sér að gengið verði frá núverandi svæði, landið mótað og grætt upp. Svæðið er um 26 ha að stærð og gert er ráð fyrir að lækka núverandi ruðning sem er uppi á hæðinni til að lágmarka sjónræn áhrif frá nærliggjandi byggð. Landmótun og frágangur svæðisins felur í sér að gerður er grasvöllur, göngustígar, þrautabraut fyrir hjól, lítil sleðabrekka, uppgræðsla/skógrækt, áningarstaður og bílastæði.

Farið var með deiliskipulagið samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og bærust engar athugasemdir. Deiliskipulagið var yfirfarið af Skipulagsstofnun sem gerði athugasemdir sem nú hefur verið brugðist við. Í bréfi dags. 16. september 2011 gerir Skipulagsstofnun ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulag í B-deild Stjórnartíðinda.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 22. september 2011,

Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 6. október 2011